



Sæbrautarstokkur


Skipulagslýsing: Athugasemdir


Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í maí 2025, vegna nýrra deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga fyrir Sæbrautarstokk. Til stendur að setja Sæbraut í stokk á um 1 km löngum kafla, frá Miklubraut og norður fyrir gatnamót Kleppsmýrarvegjar og Skeiðarvogs. Eitt af markmiðum með gerð vegstokka er að bæta umhverfisgæði í aðliggjandi byggð og tengja betur saman hverfi sem eru aðskilin með umferðarpungum stofnbrautum. Á yfirborði stokksins er fyrirhugaður nýr borgargarður sem myndar græna tengingu milli Vogahverfis og Vogabyggðar. Með tilkomu stokksins verða hljóðvist og loftgæði á svæðinu betri og tækifæri skapast fyrir nýja byggð meðfram austurhluta stokksins.

Lýsingin var kynnt frá 5. júní 2025 til og með 3. júlí 2025. Athugasemdir og umsagnir bárust. Umsagnir sem bárust á kynningartíma skipulagslýsingar kynntar fyrir umhverfis- og skipulagsráði.



Reykjavík







Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir:

- Vegagerðin
- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
- Veitur
- Minjastofnun
- Gerðarsafn
- Náttúruverndarstofnun
- Íbúasamtök Laugardals
- Florian Stascheck
- Katrín Halldórsdóttir



Vegagerðin (vegghaldari)

- Samráð verði haft við m.a. Veitur, Strætó BS og Betri Samgöngur.
- Bent á lög varðandi veghelgunarsvæði og að þau skuli sýnd á uppdráttum.
- Lögð áhersla á að allt framkvæmdasvæði stokks rúmist innan deiliskipulagsmarka.
- Við hönnun er sérstaklega kallað eftir samræmingu byggingarlínu húsa sem snúa að Sæbrautarstokk. Gera þurfi ráð fyrir tveimur þjónustuhúsum tengdum Sæbrautarstokk og aðkomuvegum að þeim.
- Huga þurfi vel að gróðurvali í borgargarði ofan á stokki, að aðgengi fyrir gangandi og hjólandi og aðgengi að stoppistöðvum bæði Borgarlínu og Strætó.



Skipulagsstofnun

- Skipulagslýsingin geri ágætlega grein fyrir skipulagsáformum og hvernig staðið verður að gerð og umhverfismati tillögunnar.
- Þar sem gert er ráð fyrir bráðabirgðavegum og gatnamótum austan framkvæmdasvæðis, (innan afmörkunar nýs deiliskipulags Vogabyggðar 4) þarf að gera grein fyrir því í deiliskipulagi þrátt fyrir að um tímabundna lausn sé að ræða.
- Kynna þarf áform vel fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum og gera grein fyrir þeim áformum í umhverfismati deiliskipulags.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

- Vel gerð grein fyrir fyrirhugaðri vinnu við deiliskipulagsáætlanir og skipulagsbreytingar vegna Sæbrautarstokks.
- Tilgreina hefði þurft hvaða umhverfispættir væru líklegir til að valda áskorunum í skipulagsferlinu og að slíkt verði ávarpað í skipulagsskilmálum.
(T.a.m. hljóðvist og loftgæði)
- HER áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.



Veitur

- Fráveita Veitna þverar Sæbraut á þremur stöðum.
- Flutningskerfi hitaveitu austan við Sæbraut, stofnlögn vatnsveitu vestan við Sæbraut, 11kV háspennustrengur í miðeyju og 132kV háspennustrengur og Sogaræsi við suðurenda stökkopsins.
- Framkvæmdirnar munu hafa veruleg áhrif á veitukerfin og þjónustu til íbúa og fyrirtækja.
- Leggja áherslu á að stofnlagnir verði áfram í fullum rekstri á framkvæmdatíma.
- Mikilvægt að tryggja nægt rými fyrir núverandi og framtíðar lagnaleiðir.



Minjastofnun Íslands

- Mikilvægt að horft verði til kafla AR2040 um **borgarvernd**.
- Uppbygging í Vogabyggð hafi **gjörbreytt ásýnd** austari hluta hins gamla iðnaðarsvæðis og staðbundin og söguleg einkenni að miklu leyti horfin. Leggja ætti ríkari áherslu á að varðveita núverandi byggð og tengja við nýja byggð til þess að ná **sögulegri dýpt og sérstöðu**.
- Óskað eftir rökstuðningi fyrir áformum um **niðurrif húsa** á svæðinu. Fjalla beri sérstaklega um húsið við **Dugguvog 42** sem hefur menningarsögulegt gildi vegna lágmynda Gerðar Helgadóttur.
- Einnig vísað í tvær **fyrri umsagnir MÍ**; vegna matsáætlunar fyrir stokkinn (2022) og fyrir nýtt deiliskipulag Vogabyggðar 2 (2017)



Gerðarsafn

Athugasemdir vegna verndar lágmynda Gerðar Helgadóttur við Dugguvog 42:

- Sögulegt og listrænt gildi verksins
- Menningarvernd og skyldur opinberra aðila
- Beiðni um mat og verndun
- Áhersla á samráð og vernd
- Hvatt til tafarlausra verndunar- og varðveisluaðgerða, skráningar og faglegs mats í samstarfi við viðurkennda fagaðila. Gerðarsafn býður fram sína sérfræðipekkingu.

Náttúruverndarstofnun

Ábendingar vegna nálægðar við hina friðlýstu Háubakka.

- Framkvæmdin má ekki hafa áhrif á friðlýstar jarðminjar.
- Huga þarf að mögulegum óbeinum áhrifum, s.s. auknu álagi vegna mannvirkjagerðar í nálægum hverfum
- Verndar- og stjórnunaráætlun svæðisins skal höfð til hliðsjónar í öllu mati og skipulagsgerð.





Íbúasamtök Laugardals

- Spurt um breytingar á strætóleiðum
- Loftgæði
- Vangaveltur um akstursleiðir að og frá Vogabyggð, gegnumakstur í íbúðarhverfum, aðkomu að Steinahlíð og þungaflutninga í Sundahöfn
- Umferðarflæði á framkvæmdatíma
- Mengaður jarðvegur
- Hámarkshraði á Sæbraut
- Innviðapörf fyrir íbúðarbyggð



Katrín Halldórsdóttir

- Áhyggjur af áhrifum stokks á hljóðvist og loftgæði
- Óvissa um tengingu Sundabrautar
- Óvissa um áhrif þrengingar Suðurlandsbrautar
- Aukinn umferðarpungi og áhrif á íbúðahverfi
- Þörf á heildstæðri nálgun



Florian Stascheck

Ábendingar varðandi hjólatengingar, bæði innan svæðisins og út fyrir það.





